

41
29. marz **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa presta-**
kalli (Desjarmýrar) til kirkjubyggingar. — Samkvæmt beiðni prestsins að Desjarmýri í Nordurmúlaprófastsdæmi, síra Einars Vigfússonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 23. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til að nefndur prestur megi veðbinda tekjur prestakallsins, eða svo mikinn hluta þeirra, sem þörf er á, fyrir 1000 króna láni, sem takast á úr hinum almenna kirkjusjóði til endurbyggingar Desjarmýrarkirkju, þannig að lánið ávaxtist á sama hátt og önnur lán úr nefndum sjóði og endurborgist með 50 kr. árlega á næstu 20 árum, og að lánið hvíli á prestakallstekjunum að því leyti, sem tekjur kirkjunnar sjálfrar ekki hrökkva til, án þess að presturinn megi færa kirkjunni þetta tillag til skuldar.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

42
11. apríl **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán**
handa prestakalli (Tröllatunguprestakalli). — Eptir þar um gjörðri beiðni og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 7. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Felli í Tröllatunguprestakalli, síra Arnór Árnason, taki allt að 1000 kr. lán uppá tekjur prestakallsins, til þess að framkvæma ýmsar jarðabætur á prestssetrinu Felli, svo sem náðar er tiltekið í brjefi yðar. Lán þetta má lántakandi taka smámsaman á 5 árum, jafnótt og jarðabótunum miðar áfram, og skal það þá endurborgast með jöfnum afborgunum árlega á 15 árum samfleytt frá því fyrnefnd 5 ár eru liðin eða frá síðasta lántökudegi. Loks er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að vextir eigi nemi meiru en 4% árlega. Lán þetta getur eigi orðið veitt úr landssjóði.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

43
11. apríl **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinn og Vestur-**
amtinu um sveitfesti þurfalings. — Með brjefi, dagsettu 27. febr. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi bæjarfógetans í Reykjavík, þar sem hann fyrir hönd fátækranefundarinnar þar áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 3. s. m., sem ákveður, að Egill nokkur Jónsson skuli álitast sveitlægur í Reykjavík.

Utaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg verð að vera yður samdóma um, að eigi sjeu færðar sönnur á það, að heimilisfesta Egils Jónssonar í Reykjavík frá því um vorið þangað til um haustið 1891, hafi verið ólögleg húsmennska, skal úrskurður yðar standa óraskaður.